

16. ágúst 2022

Til: Borgarráðs - borgarradsgogn@reykjavik.is

Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.

Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kaup á sorphirðubifreiðum - MSS22060094

Á fundi borgarráðs þann 10. júní sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fram kemur í fundargerð SORPU að kaupa á sorphirðubifreiðar fyrir Reykjavíkurborg. Flokkur fólksins spyr hvort skoðað hafi verið að kaupa bifreiðar sem ganga fyrir metani en eins og vitað er þá er metan verðlaust hjá SORPU. Ef það hafi ekki verið kannað er óskað skýringar á því. Fullyrt hefur verið af fráfarandi stjórnarformanni SORPU að allt metan sem SORPA framleiðir sé selt. Er það rétt?

Fyrirspurnin barst SORPU þann 26. júlí með tölvupósti.

Svar SORPU bs.

a) Fram kemur í fundargerð SORPU að kaupa á sorphirðubifreiðar fyrir Reykjavíkurborg. Flokkur fólksins spyr hvort skoðað hafi verið að kaupa bifreiðar sem ganga fyrir metani en eins og vitað er þá er metan verðlaust hjá SORPU. Ef það hafi ekki verið kannað er óskað skýringar á því.


Svar SORPU: Undirritaður óskar nánari tilvísunar til fundargerðar þeirrar sem vísað er til í þessari fyrirspurn. Undirritaður hefur ekki forsendur til að svara hvort skoðað hafi verið hjá Reykjavíkurborg að kaupa bifreiðar sem ganga fyrir metani en vísar fyrirspyrjanda í þessu samhengi á fundargerð 72. fundar innkaupa- og framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar frá fundi þess 12. maí sl.

Fullyrðing borgarfulltrúa um að metan hjá SORPU sé verðlaust er hins vegar beinlínis röng, villandi og skaðleg fyrir orkuskipti á Íslandi. Eins og fram kom í sjónvarpsfréttum Ríkisútvarpsins þann 6. ágúst sl. hefur SORPA hafið boranir eftir metangasi á urðunarhaug til að auka framboð á metani til að mæta aukinni spurn eftir kaupum á metangasi.

b) Fullyrt hefur verið af fráfarandi stjórnarformanni SORPU að allt metan sem SORPA framleiðir sé selt. Er það rétt?

Svar SORPU: Já.

Virðingarfyllst,



Jón Viggó Gunnarsson,
Framkvæmdastjóri SORPU bs.